

ingunni. Ákærða ber og að greiða allan áfryjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á óraskaður að standa, þó svo, að hegning ákærða sé 8 daga fangelsi við venjulegt fangavíðurværi. Ákærði Jónas Jóhannsson greiði og allan áfryjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málflytningu Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 1. júlímánaðar.

Nr. 53/1906:

Björn Símonarson og
Kristján B. Guðmundsson
gegn
Sveini Jónssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðu áfryjendurnir Björn kaupmaður

Simonarson og Kristján B. Guðmundsson, báðir til heimilis í Reykjavík, fyrir gestarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu, gegn stefnda Sveini bónda á Vatnsenda, til þess að fá hann dæmdan til að greiða þeim skaðabætur, 3000 kr., fyrir rof á samningi milli þeirra um kaup á eignar- og ábylisjörð Sveins Vatnsenda í Seltjarnarneshrepp ásamt áhöfn m. m. og var málið dæmt í nefndum rétti 11. okt. f. á. þannig, að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjenda, en þeir dæmdir til að greiða honum í málskostnað 40 krónur. Þá var og með dóminum umboðsmaður stefnda málaflutningsmaður Karl Einarsson sektaður um 20 kr. til landssjóðs fyrir ósæmilegan rithátt í varnarskjölum sínum í málinu og hin viðhöfðu niðrunarorð dæmd dauð og ómerk.

Þessum dómi hafa nú áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu, útg. 10. des. f. á. og hafa þeir krafist þess fyrir yfirdóminum, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendunum í skaðabætur fyrir sammingsrof 3000 kr. ásamt 5⁰/₁₀ vöxtum frá sáttkærudegi til borgunardags og málskostnað eftir mati réttarins. Þá hafa þeir og krafist þess, að umboðsmaður stefnda fyrir yfirdómi verður dæmdur í sekt fyrir ósæmilegan rithátt fyrir yfirdóminum og að átalinn niðrandi og ósæmileg ummæli hans þar um umboðsmann þeirra verði dæmd dauð og ómerk.

Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur, einnig málskostnaðarákvæði hans, og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 200 kr. eða aðra hæfilega upphæð og að þeir verði sektaðir fyrir óþarfa málsýfingu.

Með kaupsamningi dags. 1. maí f. á. og viðauka-samningum, dags. s. d., er málsaðilar gjörðu með sér, skuldbatt stefndi Sveinn Jónsson sig til að selja áfrýjendunum Birni Símonarsyni og Kristjáni B. Guðmundssyni eignar- og ábylisjörð sína Vatnsenda, eins og hún kæmi fyrir í fardögum næst á eftir, með húsum öllum og mannvirkjum og öllum gögnum og gæðum til lands og vatns. Í kaupinu skyldu enn fremur vera 200 ær, 5 kýr og 4 hestar, alt í því standi er það fyrirfyndist í við afhending.

Svo skyldi og meðal annars fylgja með í kaupunum fóður það, er á jörðunni væri, þannig að það skiftist milli seljanda og kaupenda í hlutfalli við fenað þann, er þeir hefðu til framfærslu á jörðinni. Ánum, er seldar voru, var kaupendum skylt að veita móttöku þá er seljandi gjörði þeim aðvart um það, eftir undirskrift samningsins, en hestarnir og kýrnar skyldu afhentar kaupendum fyrir 14. maí f. á. um leið og 1. afborgun kaupverðsins væri greidd. Kaupendum var heimilt að ráðstafa öllum venjulegum afnotum jarðarinnar frá samningsdegi og fá hús hennar til afnota eftir þörfum frá sama tíma handa búpening sínum og fólki, er þeir settu á jörðina til að vinna hana og gæta peningsins. Kaupverðið var ákveðið 25000 krónur, og áttu 2000 kr. af því að greiðast 14. maí f. á., en 23000 kr. fyrir 5. júní s. á. Loks var ákveðið í samningunum, að sá málsaðila, er ryfi samninginn, skyldi greiða hinum í skaðabætur 3000 kr. Hinn 7. maí f. á. afhenti stefndi áfrýjendum kýrnar, er seldar voru, 2 af hestunum er heima voru og 191 á, og veittu áfrýjendur pening þessum móttöku og létu hirða hann fyrir sig og hagnýttu sér hann, eins

og einnig landsnytjar jarðarinnar til 14. maí. Þá komu þeir að Vatnsenda til stefnda, kröfðu hann um hina vantandi 2 hesta og 9 ær, og er stefndi gat ekki afhent þeim skepnur þessar, lýstu þeir því yfir, að hann hefði rofið kaupsamninginn og álitu sig því leysta frá honum og neituðu að greiða þann hluta kaupverðsins 2000 kr., er þann dag féll í gjalddaga. Áfrýjendur höfðuðu síðan mál þetta gegn stefnda til skaðabóta gegn honum sem fyr segir.

Áfrýjendurnir telja að stefndi hafi rofið samninginn við þá í þessum 4 atriðum:

1. með því að afhenda ekki hinar seldu ær með tölu; 2. með því að afhenda ekki nema 2 af hestunum; 3. með því að sumar af ám þeim, er hann afhenti, hafi verið í svo slæmu standi, að þær gátu ekki lifað vorið út, og 4. með því að varna áfrýjendum rétttra skifta á heyförða jarðarinnar.

Um 1. atriðið er það að segja, að er samningurinn var gjörður hafði stefndi slept öllu sauðfé sínu í haga og vissu áfrýjendur það, en stefndi átti þá, eftir því sem fram er komið í málinu, um 220 ær. Stefndi lét fara að smala sauðfé sínu þegar eftir að samningurinn var gjörður og afhenti hann, eins og áður er sagt, áfrýjendum hinn 7. maí 191 á, en fleiri voru þá eigi fundnar. En þá lét hann hætta leitinni eftir fleiri ám sökum þess að hann léði áfrýjendum fólk sitt til að hirða fyrir þá pening þann er afhentur var, og verður sú skýrsla stefnda ekki véfengd, að hann hafi því að eins gjört þetta, að áfrýjendur tjáðu honum, að þeir létu sér lynda þótt afhending á ám þeim er vantaði drægist nokkuð og færi eftir hentugleikum stefnda síðar, enda

gat afhending þessara 9 áa þá eigi staðið áfrýjendum á neinu, þar sem stefndi stóð í ábyrgð fyrir þeim. Það verður samkvæmt þessu eigi álitíð, að stefnda fyrir vöntun umræddra 9 áa hinn 14. maí f. á. verði gefið að sök brot á kaupsamningnum við áfrýjendur, svo að þeir gætu riftað samningnum við hann, eða krafist af honum skaðabóta fyrir samningsrof.

Viðvíkjandi 2. atriðinu, því að stefndi afhenti ekki 2 af hestum þeim, er í kaupnum áttu að vera 14. maí samkvæmt samningnum, er þess að geta, að hestar þessir voru í fóðrum austur í Árnessýslu og vissu áfrýjendur það er samningurinn var gjörður, enda hafði annar áfrýjandinn komið hestunum í fóðrin og voru þeir því að nokkru leyti í vörzlum hans. Stefndi gjörði þá þegar boð eftir hestunum austur, er samningurinn var gjörður, og það virðist hafa verið af ástæðum, sem hann gat ekki ráðið við, að hestarnir komu ekki fyr en 3—4 dögum eftir 14. maí. En það sem tekur af öll tvímæli um það, að stefndi verður eigi sakaður um brot á samningnum í þessu atriði, er áfrýjendur geti bygt á skaðabótakröfu eða lausn frá samningnum, er, að stefndi bauð áfrýjendum þegar í stað þeirra hesta, er ókomnir voru, aðra hesta, er sannað er í málinu eða viðurkent, að hafi verið úrvalsgripir og betri en hestar þeir, er áfrýjendur áttu að fá. En þessu boði höfnuðu áfrýjendur, og gat þeim þá þó eigi lengur verið neinn bagi að vöntun hestanna, enda komu þeir, eins og fyr er sagt, 3—4 dögum síðan.

Í þriðja lagi hafa áfrýjendur viljað telja það rof á samningnum af stefnda hálfu, að ærnar, sem afhentar voru, hafi verið í slæmu ástandi við afhendinguna. En

í samningum málsaðila var það eitt ákveðið, að áfryjendur skyldu taka við fénaðinum »í því standi er hann fyrirfyndist í við afhending«. Og það er upplýst, að áfryjendur veittu á. um viðtöku án þess að lýsa nokkurri óánægju með ástand þeirra, og eitt vitni hefir jafnvel borið, að annar áfryjandinn hafi við afhendinguna kveðið svo að orði, að honum þættu ærnar vera í allgóðu standi. Þetta kæratriði getur því ekki heimilað áfryjendum rétt til skaðabóta fyrir samningsrof af hálfu stefnda.

Um 4. atriðið, skifti á heyforðanum, sem samkvæmt kaupsamningnum átti að skiftast milli málsaðila í hlutfalli við fénað þann er hvor um sig hefði á jörðinni, er það upplýst í málinu, að er stefndi og annar áfryjandinn eigi gátu komið sér saman um skiftin, fengu þeir í sameiningu mann einn til að gjöra skiftin fyrir sig og setti hann merki í heyið þar sem skifta skyldi. En síðar kom hinn áfryjandinn og gerði merkin fyrir skiftingunni, er sett höfðu verið, enn gleggri. Eftir þessari skiftingu á heyinu, sem báðir áfryjendur verða að teljast hafa samþykkt hvor í sínu lagi, tók stefndi sinn hluta af heyinu, og verður ekki að því fundið, eða tekið tillit til þess, þótt áfryjendur vildu síðar halda því fram að skiftingin, sem þeir höfðu samþykkt, væri ekki í samræmi við það hlutfall, er gjört var ráð fyrir í samningnum.

Samkvæmt framansögðu verður eigi álitíð, að stefndi hafi rofið kaupsamninginn við áfryjendur í þeim atriðum er þeir hafa talið til, og verður því krafa þeirra um skaðabætur fyrir samningsrof eigi tekin til greina. Ber því að staðfesta gestaréttardóminn í aðalefni hans; máls-

kostnaðarákvæði hans samþykkjast einnig, en ómerkingar- og sektarákvæði hans þannig, að sektin, 20 kr., renni að hálfu í landssjóð en að hálfu í fátækra sjóð Seltjarnarneshrepps. Til að sekta áfryjendur fyrir óþarfa málsýfingu, eins og stefndi hefir krafist, þykir ekki vera nein ástæða.

Umboðsmaður stefnda, málaflutningsmaður Karl Einarsson, hefir í sóknarskjali sínu við yfirdóminn haft þau ummæli um umboðsmann áfryjenda, yfirréttarmálaflutningsmann Odd Gíslason, að hann »hafi sér til hinnar mestu svivirðu og hneisu komið á stað« réttarrannsókn, og að kæra hans í því tilefni hafi verið »einn ósanninda- og úrúrnúningavefur frá upphafi til enda«. Fyrir þessi ósæmilegu ummæli verður að dæma umboðsmanninn í 20 kr. sekt er renni að hálfu í landsjóð, en að hálfu í fátækra sjóð Reykjavíkur.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt að áfryjendur greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó þannig, að sektir fyrir ósæmilegan rithátt renni að hálfu í landssjóð en að hálfu í fátækra sjóð Seltjarnarneshrepps. Umboðsmaður stefnda, málaflutningsmaður Karl Einarsson, greiði sekt í landssjóð fyrir ósæmilegan rithátt fyrir yfirdóminum 20 kr., er renni að hálfu í landssjóð, en að hálfu í fátækra sjóð Reykjavíkur. Áfryjendurnir Björn Símonarson

og Kristján B. Guðmundsson greiði stefnda Sveini Jónssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Ídæmdur málskostnaður og sektir greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 58/1906:

Björn Símonarson
gegn

Guðmundi Gíslasyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði hinn stefndi trésmiður Guðmundur Gíslason fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn áfrýjandanum Birni gullsmið Símonarsyni í Reykjavík til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér eftirstöðvar er hann gjörði tilkall til 2425 kr. 34 a. af borgun fyrir breytingar og viðauka við hús Björns í Vallarstræti 4 í Reykjavík, og var málið dæmt í nefndum rétti 13. des. f. á. með þeim úrslitum, að Björn var skyldaður til að greiða stefnda þá upphæð með 5% vöxtum frá sátta-kærudegi til borgunardags, er dómkvaddir menn mætu stækkun þá og viðgerðir við fyrnefnt hús áfrýjanda, er stefndi leysti af hendi árið 1905, að frádrægnum 5560 kr., þó ekki hærri en 2425 kr. 34 a. Málskostnaður vær látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Björn Símonarson gullsmiður skotið til yfirdómsins með stefnu, útg. 31. des. f. á.,